



Sjómannadagsráð

í Reykjavík og Hafnarfirði

Hrafnista v/Brúnaveg • 104 Reykjavík
Símar: 585 9301 • 585 9302 • 585 9500
Fax: 585 9308 • Netfang:simi@hrafnista.is

Reykjavík 17. janúar 2019

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Regína Ástvaldsdóttir, sviðsstjóri

Varðar: Stækkan leigurýmis í þjónustu- og félagsmiðstöð aldraðra við Sléttuveg

Við gerð leigusamnings á milli Reykjavíkurborgar og Sjómannadagsráðs (DAS) sem undirritaður var þann 11. maí 2017, var miðað við að Reykjavíkurborg leigði 1.250 m² af húsnæði af DAS í því skyni að sinna lögbundinni og/eða valkvæðri þjónustu við eldri borgara í Reykjavík. Á þeim tíma sem leigusamningurinn var gerður ríkti enn nokkur óvissa um endanlegar þarfir og stærð húsnæðisins, en miðað var við að byggja 1.300 - 1.500 m² þjónustumiðstöð. Á þessum tíma lá heldur ekki fyrir hvort heimild til reksturs dagdvalar fengist frá ríkinu, né heldur hvaða árangri væri raunhæft að miða við að ná með samnýtingu við húsnæði hjúkrunarheimilis ríkis/Reykjavíkurborgar og leiguþúða DAS sem byggðar verða samtengdar. Af þessum ástæðum var þess sérstaklega getið í 3. gr. leigusamnings að heimilt sé að breyta fjölda leigðra fermetra með samþykki beggja aðila.

Öll hönnun og undirbúningur fyrir byggingu þjónustumiðstöðvarinnar hefur farið fram í nánu samstarfi við Velferðar- og Eignasvið Reykjavíkurborgar og liggur niðurstaða þeirrar vinnu nú fyrir. Afar vel hefur tekist til við skipulag húsnæðisins til þess að geta afhent alla þá þjónustu sem gert er ráð fyrir í þjónustusamningi, auk þess sem bætt hefur verið við aðstöðu til að geta veitt dagdvalarþjónustu, heimahjúkrun og heimaþjónustu frá þjónustumiðstöðinni. Þar að auki mun DAS byggja enn stærra hús í þeim tilgangi að bæta við rekstri heilsueflandi þjónustu, s.s. líkamsræktar, verslunar, ráðgjafar-, hárgreiðslu- og fótsnyrtiþjónustu, kaffihúsi og öðru sem kemur til með að auðga félagslíf og menningu í þjónustukjarnanum.

Niðurstaða undirbúnings og hönnunar hefur því leitt til þess að nú verður byggð þjónustumiðstöð sem hefur aðgang að riflega tvö þúsund fermetrum, en þar af eru um 200 m² ígildi þeirra fermetra sem samnýttir verða með hjúkrunarheimili og leiguþúðum. Nettó stærð þess húsnæðis sem hýsir sjálfa þjónustumiðstöðina verður því um 1.830 m² að stærð, en utan þess eru öll tæknirými og ýmis önnur aðstaða sem tókst að koma fyrir í hjúkrunarheimilinu.

Velferðarráðuneytið hefur nú veitt leyfi fyrir rekstri 30 rýma dagdvalar í þjónustumiðstöðinni, sem Hrafnista mun annast fyrir Reykjavíkurborg. Í reglugerð SÍ um dagdvöl aldraðra nr. 37/2018 er miðað við að slík dagdvöl þurfi ein og sér aðgang að 900 m² af aðstöðu. Skýrir það meðal annars þá stækkan þjónustumiðstöðvarinnar sem orðið hefur frá því sem miðað var við í leigusamningi frá 11. maí 2017. Til þess að mæta breytingu á þörf fyrir heimaþjónustu og dagvalarþjónustu leiðir það til aukinnar húsnæðisþarfar á 150 m² til viðbótar.

Á grundvelli 3. gr. leigusamnings er því óskað eftir samþykki Reykjavíkurborgar fyrir stækkan á leigðu rými sem nemur 150 m² til viðbótar við það sem nú er í leigusamningi, svo að heildarstærð hins leigða rýmis verði 1.400 m² í stað 1.250 m².

Virðingarfyllst

f.h. Sjómannadagsráðs

Sigurður Garðarsson, framkvæmdarstjóri